

**Nd.**

**141. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Stjórnarfrumvarp þetta lýtur að þrem aðalbreytingum á nefndum lögum frá 1922:

1. Að skerpa eftirlit um skoðnn skipa og báta.
2. Að lögfesta skipaskoðunarstjóra eða fastan ráðunaut stjórnarinnar við eftirlitið og ákveða verkswið hans og launakjör.
3. Að afla fjár til að standast kostnað við eftirlitið.

Aðrar breytingar eru að mestu afleiðingar þessara aðalbreytinga.

Nefndin fellst í aðalatriðum á efni frv., en telur þó rjett að breyta að nokkru 3. og 5. gr.

Breyting 3. gr. lýtur að því að endimarka skýrar verkswið og launakjör skipaskoðunarstjóra, en breyting 5. gr. að niðurfærslu stimpilgjaldsins fyrir útgáfu eða áritun hæfærisskirteinis.

Mikla fjáröflun vegna kostnaðar við eftirlitið telur nefndin ekki aðkallandi. Árlega hefir hann undanfarið verið 8000 kr. og eykst ekki að verulegum mun við fyrirhugaða lagabreytingu.

Stimpilgjald hæfærisskirteina eftir 5. gr. frv. virðist hlutfallslega hærra

en ýmsra annara stimpilskyldra skjala, og mundi það koma hart niður á verðlitlum smáfléytum, sem fyrirfram eru hlaðnar opinberum gjöldum í ýmsum myndum. Má í því sambandi nefna slysatryggingu eftir l. nr. 44 1925 og gjald fyrir skipaskoðun eftir gjaldskrá í reglugerð 7. nóv. 1923, þar sem 30 kr. skoðunargjald er lagt á þiljubáta og skip upp að 50 rúmlesta stærð. Vill nefndin gera ráð fyrir alt að helmings lækkun á því skoðunargjaldi fyrir 12 rúmlesta báta og minni við væntanlega endurskoðun gjaldskrárinnar.

Fyrir útgáfu haffærisskírteina hefir undanfarið ekkert gjald verið greitt, en eftir ákvæðum 5. gr. frv. mundi stimpilgjald af þeim nema um 9000 kr., ef miðað er við skipastól þann, sem nú er. Eftir tillögum nefndarinnar má ætla, að gjaldið nemi alt að 4000 kr.

Nefndin leggur til eftir framansögðu, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

#### BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.

a. 3. málsgr. orðist svo:

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.

b. 4. málsgr. 3. gr. orðist þannig:

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 6000 kr.; dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar- og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30 til 100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

Alþingi, 16. mars 1929.

Sv. Ólafsson, Ólafur Thors. Magnús Torfason.  
form. og frsm.

Jóhann P. Jósefsson.

Sigurjón Á Ólafsson,  
fundaskrifari  
(með fyrirvara).